

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 60/2013**

2013/EES/61/10

frá 3. maí 2013

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við**  
**EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1229/2012 frá 10. desember 2012 um breytingu á IV. og XII. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 45zx (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB) í I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32012 R 1229**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1229/2012 frá 10. desember 2012 (Stjtið. ESB L 353, 21.12.2012, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1229/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. maí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. maí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 353, 21.12.2012, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.